



Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Velferðarnefnd Hornafjarðar
Varðandi: Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks
Máls nr.: 202104012
Dags.: 24.11.2022
Höfundur: Erla Björg Sigurðardóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Skv. 1. gr. reglnanna er markmið með akstursþjónustu fatlaðs fólks að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómtunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á akstursþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem það nýtur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Umræða

Ræða þarf fyrirkomulag þjónustunnar skv. 3. gr. reglna framkvæmd þjónustunnar þ.e. að framkvæmd hennar verði í umsjá verktaka/eða starfsmanna sviðarfélagins. Skipulag þjónustunnar skv. 4. gr. er að hún er almennt veitt virka daga frá kl. 7:30 til kl. 22:00 og um helgar frá kl. 10:00 til 16:00. Semja skal um reglubundnar ferðir við notendur en sé um óreglulegar ferðir að ræða, þarf alla jafna að óska eftir akstri með dags fyrirvara. Einnig er á dagskrá að ræða gjaldskrá.